



## 123. fundur stjórnar Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi

Fundur haldinn í stjórn SSV, miðvikudaginn 16. mars 2016 kl.10.30  
í Hrísaþóli, Helgafellssveit.

Mætt voru; Ingveldur Guðmundsdóttir, formaður, Rakel Óskarsdóttir, varaformaður, Valgarður Jónsson, Bjarki Þorsteinsson, Árni Hjörleifsson, Eyþór Garðarsson, Kristín Björg Árnadóttir, Hafdís Bjarnadóttir, Björgvin Helgason, Sif Matthíasdóttir og Eggert Kjartansson. Guðveig Eyglóardóttir boðaði forföll. Einnig sátu fundinn Páll S. Brynjarsson, framkvæmdastjóri og Hrefna B. Jónsdóttir sem ritaði fundargerð. Formaður setti fund og gekk til dagskrár kl. 10:30.

### 1. Framlögð fundargerð frá 122. fundi stjórnar SSV.

Formaður lagði fram fundargerð frá 122. fundi stjórnar SSV til staðfestingar. Fundurinn staðfesti fundargerðina.

### 2. Almenningssamgöngur

#### a. Framkvæmdastjóri kynnti stöðuna á rekstri almenningssamgangna á rekstrarsvæði SSV í janúar og febrúar 2016.

Framkvæmdastjóri fór yfir rekstur fyrstu two mánuði ársins. Rúmlega tveggja milljón króna tap var á rekstrinum í janúar og stefnir í tap í febrúarmánuði líka, en endanlegt uppgjör fyrir febrúar liggur ekki fyrir.

#### b. Lögð fram bréf frá Vegagerðinni um ráðstöfun viðbótarfjármagns til almenningssamgangna á árinu 2016 og frá Strætó bs um vísítolubreytingar á samningi við Hópbíla.

Framkvæmdastjóri fór yfir erindi Vegagerðarinnar sem gengur út á að þau landshlutasamtök sem hafa tapað á almenningssamgönguverkefninu er gefinn kostur á að sækja um styrk til að koma til móts við tapið. Vegagerðin hefur til umráða 50 mkr. vegna þessa á árinu 2016. Stjórn samþykkti að fela framkvæmdastjóri að sækja um styrk vegna uppsafnaðs taps á rekstri almenningssamgangna sem varð fyrst og fremst árið 2012.

Framkvæmdastjóri fór einnig yfir að Vegagerðin hefur 25 mkr. til að styðja við þróun nýrra akstursleiða. Stjórn fól framkvæmdastjóra að sækja um styrk til að þroa nýja leið á sunnanverðu Snæfellsnesi.

Loks var rætt um erindi frá Strætó bs. vegna beiðni Hópbíla um breytingu á samsetningu vísítolu vegna kostnaðar við akstur á leið 57. Framkvæmdastjóra falið að vinna að málinu í samráði við önnur landshlutasamtök.

**c. Samningur við Eyþing var lagður fram til staðfestingar, en stjórn hafði áður heimilað framkvæmdastjóra að ganga frá samningnum.**

Samningur lagður fram og staðfestur.

**d. Framkvæmdastjóri kynnti fyrirhugaðar breytingar á leiðakerfinu sumarið 2016**

Framkvæmdastjóri kynnti fyrirhugaðar breytingar á leiðakerfinu sumarið 2016, en aðeins eru fyrirhugaðar minnháttar breytingar frá s.l. sumri. Stjórn gerði ekki athugasemdir við breytingarnar.

Þá var rætt um horfur varðandi akstur hópferðafyrirtækja á leiðum SSV sumarið 2016. Ljóst er að Grayline mun bjóða upp á akstur á milli Akureyrar og Keflavíkurflugvallar og stoppa á fjórum stöðum á leiðinni, auk þess sem Sterna hefur undanfarin sumur ekið á milli Akureyrar og Reykjavíkur. Það virðist því sýna sig enn og aftur að samningur Vegagerðinnar við landshlutasamtökum um sérleyfi á ákveðnum akstursleiðum er ekki að halda. Einnig var rætt um fyrirhugaðar siglingar ferju á milli Reykjavíkur og Akraness og hvort þær muni draga úr notkun á almenningsvögnum eða jafnvel fjölgum farþegum. Í umræðunni kom fram að fulltrúar Akraneskaupstaðar telja annan markhóp muni nýta ferjusiglingu en akstur með almenningsvögnum. Loks spurðist Eyþór Garðarsson fyrir um þókun SSV til Strætó bs. vegna þjónustu þeirra. Páll svaraði því til að erindið hefði verið rætt á fundi með Strætó bs. 26 janúar s.l. og mun Strætó bs. senda landshlutasamtökunum samantekt yfir þjónustu sína og í hvað fjármunirnir eru nýttir.

### **3. Vesturlandsstofa**

Lögð fram drög að ársreikningi fyrir Vesturlandsstofu. Heildartekjur ársins eru 34.319.854 kr. og heildargjöld eru 29.889.605 kr. Afskriftir eru 653.633 kr., fjármunagjöld 566.515 kr. og rekstrarafgangur 3.210.101 kr. Eigið fé og skuldir eru 4.866.103 kr. en skammtímaskuldur 8.365.328kr, en þar af skuld við lánastofnanir 5.424.728 kr. Framkvæmdastjóri fór yfir tekju- og gjaldaskiptingu Vesturlandsstofu og verkefni sem liggja fyrir. Náðst hefur að vinna á skuldum síðustu tvö árin. Stjórn gerði ekki athugasemdir við ársreikninginn og heimilar allt að 6 mkr. lán til sex ára.

Þá var lagt fram bréf frá Akraneskaupstað þar sem óskað er upplýsinga um starfsemi Vesturlandsstofu, fjármögnun og kostnað við rekstur hennar. Framkvæmdastjóra falið að svara erindinu í samráði við forstöðumann Vesturlandsstofu.

### **4. Málefni fatlaðra**

Lagt fram minnisblað frá fundi sveitarfélaga á Vesturlandi um málefni fatlaðra.

Framkvæmdastjóri fór yfir fundinn, en þar kom m.a. fram að Akraneskaupstaður mun sækja um til ráðneytisins að fá að vera sérstakt þjónustusvæði enda íbúafjöldi nálægt því að uppfylla kröfur um lágmarksfjölda. Niðurstaða fundarins var sú að beina því til stjórnar SSV að skipa hóp til að fara yfir brýnustu málefni málafloksins og skoða með nýjan samning milli sveitarfélagna um samstarf í málafloknum en upphaflegi samningurinn er útrunninn.

Stjórn SSV samþykkti að skipa þriggja manna vinnuhóp um endurskoðun á samstarfi sveitarfélaga á Vesturlandi um þetta verkefni. Óskað verður eftir tilnefningum frá félagsþjónustusvæðunum þremur.

Tillaga að fjárhagsáætlun Þjónustusvæðisins Vesturlands bs. var lögð fram, en hún byggir á sömu forsendum og lágu fyrir á síðasta fundi stjórnar SSV. Vænst er hækjunar frá þessari áætlun en hún verður endurskoðuð er breytingar liggja fyrir er varða forsendur. Framkvæmdastjóri fylgdi áætluninni úr hlaði og stjórn samþykkti tillögu að fjárhagsáætlun. Lagt fram uppgjör ársins 2015, ársreikningur er ekki kominn úr endurskoðun, en verður sendur stjórnarmönnum um leið og hann liggur fyrir. Loks var almenn umræða um rekstrarforsendur þessa verkefnis.

## **5. Sóknaráætlun Vesturlands**

Framlagt minnisblað um framvindu áhersluverkefna sóknaráætlunar. Þar kom m.a. fram að þessa dagana er verið að halda fundi víða á Vesturlandi um menningarstefnu Vesturlands. Þá kom einnig fram að haldin verður Tæknimessa á Akranesi 14 apríl n.k.

## **6. Uppbyggingarsjóður**

Lagt fram minnisblað um starfsemi Uppbyggingarsjóðs Vesturlands á árinu 2016. Sjóðurinn hefur til umráða 55 mkr á árinu 2016. Á fundi sínum 14. mars s.l. samþykkti stjórn uppbyggingarsjóðs að úthluta 43 mkr. Alls er úthlutað 28,7 mkr. til menningarmála og 14,3 mkr. til nýsköpunar í atvinnulífi. Formleg úthlutun fer fram á Akranesi 31. mars n.k.

Aftur verður úthlutað til nýsköpunar í atvinnulífi í október/nóvember 2016.

## **7. Samráðshópur um eflingu sveitarstjórnarstigsins**

Lagt fram bréf frá Innanríkisráðuneytinu þar sem óskað er eftir tilnefningum frá SSV vegna fulltrúa í samráðshóps vegna verkefnis um eflingu sveitarstjórnarstigsins.

Samþykkt að tilnefna Eyþór Garðarsson og Rakel Óskarsdóttur.

## **8. Ráðstefna um staðaranda sveitarfélaga**

Lagt fram minnisblað um undirbúning ráðstefnu á Vesturlandi um staðaranda sveitarfélaga. SSV er í nánu samstarfi við Landbúnaðarháskóla Íslands um ráðstefnuna. Stefnt er að því að halda ráðstefnuna 4. maí n.k. á Hvannayri.

## **9. Fræðsluferð sveitarstjórnarmanna af Vesturlandi**

Lögð fram dagskrá fyrir fræðsluferð sveitarstjórnarmanna af Vesturlandi vorið 2016 til Noregs. Farið verður 24. apríl n.k.

## **10. Aðalfundur SSV 2016**

Lögð fram dagskrá fyrir aðalfund SSV árið 2016.

Þennan dag verður sama skipulag og árið 2015, auk þess sem Starfsendurhæfing Vesturlands bætist við með sinn aðalfund.

## **11. Ársreikningur SSV 2016**

Framlögð drög að ársreikningi SSV fyrir árið 2015.

Framkvæmdastjóri fór yfir ársreikninginn. Heildartekjur eru 435.336.207 kr. og heildargjöld 418.229.683 kr. Fjármunatekjur 227.791 kr. og hagnaður ársins 17.334.315 kr. Inni í þessum reikningum er rekstur almenningsamganga en hagnaður af þeim rekstri eru tæplega 2,1

mkr. Helstu skýringar á því að hagnaður ársins var umfram áætlanir eru fyrst og fremst þær að tekjur vegna uppgjörs á sérverkefnum urðu mun hærri en áætlað var, auk þess sem launakostnaður varð lægri en reiknað var með.

Stjórn samþykkti ársreikninginn og vísaði honum til umfjöllunar á aðalfundi.

## **12. Framlögð mál**

### **a. Yfirlit yfir fundi og ráðstefnur sem framkvæmdastjóri hefur sótt.**

Lagt fram og fylgt úr hlaði.

Páll ræddi fjarskiptamál og þær 450 mkr. sem leggja á í ljósleiðaravæðingu frá ríki. Úr þessum sjóði koma 188 mkr. til NV-kjördæmis, sem er lækkun um 12 mkr. frá fyrstu tillögu. Rætt um ályktun vegna lækkunar fjárfamlags og samþykkt að fela aðalfundi SSV að ræða málið. Hér undir var einnig spurt um fyrsta fund vinnuhóps um samgönguáætlun Vesturlands. Framkvæmdastjóri greindi frá fyrsta fund starfshópsins og hver verði helstu verkefni hópsins.

### **b. Erindi frá Sambandi Ísl. sveitarfélaga vegna kynnisferðar til Svíþjóðar.**

Lagt fram.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 13:05

HBJ